

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 9-2016

Tími: Föstudagur 16. desember 2016 á Keldnaholti

Mætt: Björn Þorsteinsson, Bjarni Stefánsson, Helena Guttormsdóttir, Hilmar Janusson, Sigríður Kristjánsdóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Margrét Gísladóttir boðaði forföll. Brita Berglund ritaði fundargerð.

1. Áður útsendar fundargerðir endanlega yfirfarnar og samþykktar.

Fundargerðir 7. og 8. samþykktar.

2. Samráðsfundur við Mmr – fjárveitingar og fjárhagsáætlun LbhÍ 2017.

Rekstraráætlun 2017 lögð fram og rektor greindi frá nýlegum fundi hans, rekstrarstjóra, deildarforseta Auðlinda- og umhverfisdeildar og forstöðumanns Starfs- og endurmenntunardeildar við Mmr þar sem fjármál skólans voru rædd. Skólinn mun skila um 25 millj. kr rekstrarafgangi 2016, sem verður notaður til að greiða niður skuld við ríkissjóð. LbhÍ hefur skilað afgangi tvö ár í röð sem er vitnisburður um að reksturinn sé í góðu horfi. Hafa allir stjórnendur og starfsmenn lagt sig verulega fram til að ná þessum árangri. Sem viðurkenning á þessum góða árangri er gert ráð fyrir skuldaniðurfellingu sem nemur tæplega 341 millj. króna á næsta ári. Afgangurinn verður svo greiddur niður á 2-3 árum.

Á fjárlögum næsta árs er gert ráð fyrir að fjárveitingar til skólans lækki að rauntölu. Einskiptisgreiðslur frá Anr falla niður en Mmr mun bæta við til að vega aðeins upp á móti þeirri lækkun. Mmr og Anr hafa gert sameiginlega tillögu um 20 milljón króna auka fjárveitingu sem hugsuð er sem víkkun ramma til frambúðar. Húsnæðiskostnaður mun hækka á milli ára og er mikilvægt að leita allra leiða til hagræðingar á því sviði. Meðal annars er heimild á fjárlögum til að bjóða út til leigu fasteignir á Hvanneyri sem skólinn nýtir ekki.

3. Starfshópur háskólaráðs með rektor.

Mmr hefur fengið upplýsingar um áætlun Háskólaráðs að stofna starfshóp um eflingu LbhÍ. Ráðuneytið tók vel í hugmyndirnar og er tilbúið að leggja skólanum lið í þessari vinnu. Ekki er þó vitað ennþá með hvaða hætti. Ráðuneytið hefur óskað eftir samtali við Háskólaráð í næstu viku.

Ákveðið að Hilmar og Bjarni munu skiptast á sem fulltrúar Háskólaráðs í starfshópnum og Auður deildarforseti verður fulltrúi framkvæmdastjórnar. Ekki hefur ennþá verið skipaður fulltrúi frá Mmr og ekki heldur fenginn stjórnendaráðgjafi til liðs við hópinn ennþá.

Fulltrúar starfsmanna í ráðinu lýsti yfir vonbrigðum yfir seinagangi í þessu máli, sérstaklega þar sem það er talið mjög áriðandi. Almennir starfsmenn upplifa þetta sem skort á viðbrögðum Háskólaráðs og að ekkert sé að gerast. Þar með er hætta á að ástandið versni enn frekar.

Rætt var um mikilvægi þess að koma upplýsingum til starfsmanna með skilvirkari hætti en verið hefur undanfarið. Til að flýta fyrir birtingu fundargerða Háskólaráðs verða þær framvegis afgreiddar *per capsulam*. Það var líka lagt til að starfsmannafundur verði tíðari, sá fyrsti strax í næstu viku, og að mannauðsstjóra LbhÍ verði falið að semja samskiptaáætlun fyrir skólann.

4. Svör við erindum FÍN, deildarfundar og MOOC erindi Ólafs Arnalds.

Rektor vék af fundi og Hilmar tók við fundarstjórn. Rætt var um hvert erindi fyrir sig og ákveðið hvernig þau verða afgreidd og svöruð. Svörin verða unnin áfram *per capsulam* og send út fyrir jól.

5. Önnur mál

- Fundir Háskólaráðs á vormisseri 2017 ákveðni: 20. janúar, 17. febrúar, 17. mars, 21. apríl (etv. á Hvanneyri), 19. maí og 12. júní. Allir fundir hefjast kl. 14, nema júnífundurinn kl. 10.

- Bókun frá fulltrúa starfsmanna í háskólaráði – Sigríði Kristjánsdóttur:

„Í fyrsta lagi geri ég athugasemd við að fundargerðir háskólaráðs hafi ekki verið birtar á heimasíðu skólans. Síðasta fundargerð Háskólaráðs sem finna má á heimasíðu skólans er frá 22. apríl 2016. Samkvæmt 3. grein reglna fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 250 19. febrúar 2016 um háskólaráð segir í tíundu málsgrein: „Færa skal til bókar og kunngera með viðeigandi hætti ákvarðanir háskólaráðs“.

Í öðru lagi bendi ég á að háskólaráð bregst ekki við erindum sem því hafa borist að undanfögnu vegna embættisfærslu rektors skólans (erindi frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) frá 20. september sl., bókun frá deildarfundi auðlinda- og umhverfisdeildar 22. september s.l., MOOC erindi Ólafs Arnalds frá 18. október s.l. , erindi frá Áslaugu Helgadóttur 18. október 2016 og erindi frá framkvæmdastjórn skólans). Viðkomandi hafa hvorki fengið svör né finna má fundargerðir á netinu um hvort bókað hafi verið um afgreiðslu þeirra. Því er ljóst að háskólaráð virðist víkja sér undan að taka á þeim vanda sem kominn er upp innan stofnunarinnar. Í lögum um opinbera háskóla 85/2008 (5. gr.) og í reglum skólans segir að háskólaráð fari með æðsta ákvörðunarvald skólans og fari með almennt eftirlit. Ég fagna þó því að þessum málum hafi verið ýtt áfram á þessum fundi.

Í þriðja lagi geri ég athugasemd við að ekki hafi verið fylgt eftir ákvörðun sem tekin var af háskólaráði á vinnufundi þess 25. október um skipun starfshóps sem á að bregðast við brýnum vanda stofnunarinnar og vinna að bættum samskiptum – stefnumótun og daglegri stjórnun skólans. Hópurinn átti að skila tillögum innan 4-6 vikna. Nú um miðjan desember eða um 8 vikum síðar hefur þessi starfshópur ekki enn litið dagsins ljós. Ég lýsi efasemdum mínum um að þessi starfshópur muni skila tilætluðum árangri, í ljósi þvingaðra sáttta fyrr í vor.

Háskólaráði ber að axla sína ábyrgð, skv. lögum um opinbera háskóla og reglum Landbúnaðarháskóla Íslands. Hafa verður heildarhagsmuni skólans að leiðarljósi og taka þá fram fyrir hagsmuni einstakra starfsmanna hvaða titil sem þeir kunna að bera.“

- Greinargerð til Háskólaráðs frá Áslaugu Helgadóttur um breytingar á hennar starfshögum sem var fyrst lögð fram á fundi ráðsins þ. 21. okt., var lögð fram aftur til upplýsingar.
- Háskólaráð hvetur stjórnendur skólans til að umsvifalaust efla samskipti og upplýsingar til starfsmanna, að fundarboð og fundargerðir verði birt og starfsmannafundir haldnir reglulega.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.35